



## Fundargerð 421. fundar í Þingvallanefnd

27. janúar 2016

Fundur haldinn í Alþingishúsinu miðvikudaginn 27. janúar 2016 kl. 15.00. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Ásmundur Friðriksson (varamaður), Haraldur Einarsson, Róbert Marshall og Svandís Svavarsdóttir. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Framsal lóðarleiguréttinda og boð um forkaupsrétt, Neðristígur 10.

Lögð voru fram drög að svarbréfi við erindi eigenda að sumarhúsi að Neðristíg 10, um heimild til framsals lóðarleiguréttinda og sölu á sumarhúsi til erlendra aðila, búsettra í USA. Var þjóðgarðsverði falið í samráði við LEX að setja ítarlegri rök fyrir höfnun í fyrirbyggjandi drög að svarbréfi til eigenda sumarhússins.

Endanlegri ákvörðun frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.